

Aðalfundur Visku

Fundargerð 29. apríl 2025 kl. 16:30

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði fram tillögu um að Gauti Skúlason yrði kosinn fundarstjóri og að Katrín Björg Ríkarðsdóttir yrði kosin fundarritari. Það var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir leikreglur á fundinum:

- Fundurinn er stað- og fjarfundur.
 - Þau sem eru á fjarfundi eru á mute.
 - Ef samband við fjarfund rofnar þá sendum við ykkur nýja krækju á fjarfund í tölvupósti.
 - Við biðjum um orðið með því að gera Raise hand á Teams eða rétt upp hönd í sal.
 - Við kjósum með því að rétta upp hönd eða með því að gera Raise hand á Teams.
- Fundarfólk má halda höndum uppi þangað til fundarstjóri gefur merki.

2. Skýrsla stjórnar kynnt

Fundarstjóri bauð Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur formanni Visku í pontu til að fara yfir skýrslu stjórnar.

Brynhildur rakti tildrögin að stofnun félagsins og stiklaði á stóru í starfi félagsins á þessu fyrsta starfsári.

Þegar Brynhildur hafði lokið máli sínu þá opnaði fundarstjóri fyrir mælendaskrá.

Enginn þátttakandi óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri lokaði fyrir mælendaskrá.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Fundarstjóri bauð Braga Rúnari Jónssyni fjármálastjóra Visku í pontu til að fara yfir ársreikninga félagsins.

Bragi gerði grein fyrir ársreikningi félagssjóðs og upplýsti að afkoman væri nokkuð góð miðað við umfang í rekstri félagsins vegna uppbyggingar á fyrsta starfsárinu. Því næst fór Bragi yfir ársreikning vísindasjóðs. Greitt er úr sjóðnum einu sinni á ári. Báðir ársreikningarnir voru áritaðir athugasemdalaust af endurskoðanda.

Eftir að Bragi lauk yfirlit sinni opnaði fundarstjóri fyrir mælendaskrá.

Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til kosninga.

- Fundarstjóri bar ársreikning félagssjóðs Visku upp til samþykktar eins og hann var kynntur hér. Hann var samþykktur með meirihluta atkvæða.
- Fundarstjóri bar ársreikning Vísindasjóðs Visku upp til samþykktar eins og hann var kynntur hér. Hann var samþykktur með meirihluta atkvæða.

4. Ákvörðun um félagsgjöld

Samkvæmt 5. gr. laga Visku um félagsgjöld þá gildir eftirfarandi um félagsgjöld:

Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi og er félagsfólki skylt að greiða þau. Skriflegar tillögur félagsfólks um breytingar á félagsgjöldum skulu berast stjórn eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir aðalfund og skulu birtar á vef félagsins með endanlegri dagskrá.

Stjórn gerir ekki tillögur að breytingum félagsgjalda og það bárust engar tillögur um breytingar á félagsgjöldum frá félagsfólki. Sökum þess liggur engin ákvörðun fyrir um félagsgjöld og fundarstjóri hélt því áfram í næsta dagskrálið.

5. Lagabreytingar

Fundarstjóri bauð Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur formanni Visku upp í pontu til þess að fara yfir lagabreytingartillögur stjórnar. Brynhildur fór yfir allar tillögur í einu og eftir það opnaði fundarstjóri fyrir mælendaskrá.

Enginn þátttakandi óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til kosninga.

- Fundarstjóri lagði til við aðalfund Visku að allar 11 lagabreytingartillögurnar yrðu bornar upp í einu til samþykktar. Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá um tillögu sína.

Enginn þátttakandi óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til kosninga um tillögu hans.

Tillaga fundarstjóra var samþykkt með meirihluta atkvæða.

- Fundarstjóri bar allar 11 lagabreytingartillögur stjórnar upp til samþykktar eins og þær voru kynntar hér. Þær voru samþykktar með meirihluta atkvæða.
- Fundarstjóri bar lög félagsins upp í heild sinni til samþykktar með þeim breytingum sem samþykktar voru. Þau voru samþykkt með meirihluta atkvæða.

6. Niðurstöður úr rafrænum kosningum til formanns og stjórnar kynntar

Fundarstjóri kynnti niðurstöður úr rafrænum kosningum til formanns og stjórnar Visku.

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins var til og með 7. apríl síðastliðnum. Eitt framboð barst til embættis formanns og var það frá sitjandi formanni Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur. Þar sem önnur framboð bárust ekki telst Brynhildur sjálfkjörin formaður til næstu fjögurra ára.

Alls bárust sautján framboð til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um sex sæti í stjórn Visku og tvö til vara. Þeir þrír frambjóðendur sem fengu flest atkvæði hlutu tveggja ára kjörtímabil,

næstu þrír eins árs kjörtímabil og næstu tveir urðu varamenn til eins árs. Til að tryggja jafnari kynjahlutföll fór kosningin fram með svokallaðri fléttukosningu, eins og nánar er kveðið á um í 10. grein laga Visku.

Niðurstöður kosninganna eru sem hér segir:

Aðalmenn

- Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar (til tveggja ára)
- Steindór Gunnar Steindórsson (til tveggja ára)
- Eydís Inga Valsdóttir (til tveggja ára)
- Eðvald Einar Stefánsson (til eins árs)
- Sigrún Einarsdóttir (til eins árs)
- Sveinn Ólafsson (til eins árs)

Varamenn

- Linda Björk Markúsardóttir (til eins árs)
- Guðjón Hauksson (til eins árs)

Frambjóðandi	Kyn	Staða	Kjör	Fjöldi	Prósenta
Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar	Kona	Aðalmaður	Tvö ár	215	9.41 %
Steindór Gunnar Steindórsson	Karl	Aðalmaður	Tvö ár	152	6.65 %
Eydís Inga Valsdóttir	Kona	Aðalmaður	Tvö ár	204	8.93 %
Eðvald Einar Stefánsson	Karl	Aðalmaður	Eitt ár	134	5.87 %
Sigrún Einarisdóttir	Kona	Aðalmaður	Eitt ár	195	8.54 %
Sveinn Ólafsson	Karl	Aðalmaður	Eitt ár	134	5.87 %
Linda Björk Markúsardóttir	Kona	Varamaður	Eitt ár	176	7.71 %
Guðjón Hauksson	Karl	Varamaður	Eitt ár	121	5.3 %
Inga Maria Leifsdóttir	Kona			159	6.96 %
Ágúst Arnar Þráinsson	Karl			120	5.25 %
Íris Halla Guðmundsdóttir	Kona			138	6.04 %
Haukur Logi Jóhannsson	Karl			100	4.38 %
Dóra Magnúsdóttir	Kona			124	5.43 %
Þuríður Helga Kristjánsdóttir	Kona			115	5.04 %
Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir	Kona			105	4.6 %
Eva Lilja Rúnarsdóttir	Kona			68	2.98 %
Álfheiður Sigurðardóttir	Kona			24	1.05 %
Samtals				2,284	100%

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá.

Eva Lilja Rúnarsdóttir tók til máls og óskaði eftir að send yrði hvatning til félagsfólks um að taka þátt í kosningum.

Fundarstjóri lokaði mælendaskrá.

7. Niðurstöður úr rafrænum kosningum í stjórnir kjaradeilda kynntar

Engar rafrænar kosningar í stjórnir kjaradeilda voru fyrir þennan aðalfund. Fundarstjóri hélt því áfram yfir í næsta dagskrálið.

8. Önnur mál

Tvö önnur mál lágu fyrir á dagskrá fundarins. Fundarstjóri tilkynnti að opnað yrði fyrir mælendaskrá að lokinni kynningu á báðum málunum.

TILLAGA STJÓRNAR UM STOFNUN KJARADEILDAR

Fundarstjóri bauð Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur formanni Visku í pontu til að fara yfir tillögu stjórnar um stofnun kjaradeildar:

Stjórn Visku leggur til við aðalfund Visku að stofnuð verði kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá.

Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til kosninga.

Fundarstjóri bar tillögur stjórnar upp til samþykktar. Hún var samþykkt með meirihluta atkvæða.

TILLAGA UM ÁHERSLUR VISKU

Fundarstjóri bauð Vilhjálm Hilmarssyni hagfræðingi Visku í pontu og hann fór yfir tillögu stjórnar um áherslur Visku.

Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir formaður Visku tók til máls og sagði frá tildrögum þess að ákveðið var að móta áherslur sem yrðu leiðarljós stjórnar, en skjalið er unnið upp úr hugmyndum stefnumótunarþings FÍF, Fræðagarðs og SBU sem haldið var haustið 2023 til að ræða stefnu sameinaðs félags.

Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir spurði hvort áherslurnar væru sendar út í nafni stjórnar eða aðalfundar.

Brynhildur tók aftur til máls og útskýrði að óskað væri eftir samþykkt aðalfundar svo stjórnin gæti unnið að áherslunum í umboði fundarins.

Fundarstjóri lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til kosninga.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar um áherslur Visku upp til samþykktar. Hún var samþykkt með meirihluta atkvæða.

ÖNNUR MÁL

Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá.

Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri benti á að öll gögn fundarins mætti nálgast á Mín Viska.

Fundarstjóri lokaði fyrir mælendaskrá og þakkaði fyrir sig.

Brynhildur Heiðar- og Ómardóttur formaður Visku tók til máls og þakkaði góðan fund.

Fráfarandi stjórnarfólki var þakkað fyrir góð störf.

Fundi slitið kl. 18:04.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir ritaði fundargerð.